



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2005

Tilvísun: UST20051100140/bs

Efnistaka af hafsbotni í Kollafirði 2006-2016 - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar efnistöku. Fyrirhugað er að taka efni á 17 stöðum í og við Kollafjörð. Heildarflatarmál svæðanna er 727,52 ha og rúmmál efnis 10.700.000 m³.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skýrslu Björgunar hf :

Kafli 4. Umhverfisáhrif efnistöku, almennt. Í kaflanum er vitnað til skýrslu um umhverfisáhrif efnistöku af hafsbotni "Sletter havet sporene?" sem gefin var út árið 1982 af danska umhverfisráðuneytinu.

Ástæða hefur þótt árið 1993 í ljósi nýrrar vitneskju að endurskoða þær kenningar sem settar eru fram í "Sletter havet sporene". Í grein í tímaritinu "Vand og miljö" (10. árg. 2. hefti 1993) gerir Bent Hygum frá skov- og naturstyrelsen ýmsar atugasemdir við fyrrnefnt rit og í inngangi að grein Hygums segir m.a.: "*Siden 1982 er der fremkommet ny viden om mekaniske forstyrrelser af havbunden og efterfølgende konsekvenser i dyre- og plantesamfundenes levesteder. Jeg har paa baggrund af et litteraturstudie paany vurderet de biologiske konsekvenser af ral- og sandsugning, med særlig henblik paa konsekvenser for bunddyrsamfund og bundgydende fisk.*"

Um gruggmyndun segir á bls. 5 í skýrslu Björgunar: "*Í rannsóknum Dananna kom m.a. fram að allu þorri þess gruggs sem rótast upp við dælinguna fellur til botns aftur því sem næst beint undir dæluskipinu. Litill minnihluti dreifist út frá skipinu undir áhrifum strauma.*"

Í grein Bent Hygum segir m.a.: "*Undersøgelser viser, at opslemmet bundmateriale kan spredes i en afstand af op til 1000 m fra indvindingsomraadet.*"

Kafli 5 Umhverfisáhrif efnistöku í Kollafirði. Um áhrif á lífríki segir m.a.: "*hafa ber í huga þá almennu reglu, að lífverur á grófum botni eru harðgerar og tiltölulega fljótár að ná sér eftir röskun.*"

Um þessi svæði segir eftirfarandi í grein B Hygum: "*Indvindingsomraader, der har et større indhold af fritliggende grus og ral/sten er saarbare. Dette hænger sammen med, at der til disse samfund er knyttet et rigt og artsmæssigt varieret samfund af baade dyr og alger.*"

Í 5 kafla í skýrslu Björgunar hf segir enn fremur: "Þannig má búast við að landnám lífvera í fullnýttum gryffjum hefjist strax að efnistöku lokinni og gangi tiltölulega hratt fyrir sig."

Um þetta segir fyrrnefndur Bent m.a: "Paa grund af hullernes form vil de ofte virke som fælder for organisk materiale. Dette sammen med stillestaaende vandmasser i hullerne, fører ofte til periodevis iltsvind i sugehullets bund. Derved forhindres et fleraarigt dyresamfund i at etablere sig paa bunden."

Enn segir í skýrslu Björgunar: "Ekki verður séð að á svæðinu séu lífverur sem vernda þarf sérstaklega."

Þar sem ekki hafa farið fram rannsóknir á lífríki efnistökusvæða í Kollafirði telur Umhverfisstofnun að ekki sé hægt að fullyrða um hvaða lífverur eða búsvæði sé að finna á þessum svæðum.

Skýrsla Björgunar: "Sú efnistaka, sem nú verður sótt um leyfi fyrir, mun ekki fara fram í nýjum námum, heldur útvíkka námur sem fyrir eru og verða umhverfisáhrif hennar að skoðast í því ljósi."

Umhverfisstofnun vill benda á að gildandi lög gera ráð fyrir að efnistaka sé takmörkuð í tíma og rúmi. Fyrirhugað er að stækka námur í Kollafirði úr 198 ha í 727 ha þannig að fyrirhugað er að hefja efnistöku á um 500 ha svæði sem ekki hefur verið raskað til þessa.

Jafnframt virðist vera ástæða til að kanna eldri efnistökusvæði og grannsvæði þeirra, þar sem áhrif endurtekinnar röskunar gæti verið að finna, sbr. eftirfarandi: "ved ral- og sandsugning i det samme indvindingsomraade over en aarerække, hvor bunden gentagne gange udsættes for mekaniske forstyrrelser, sættes dyresamfundet tilbage til et ungt stadium i den naturlige succession. Det sker, fordi de hyppige indvindinger knuser de fleraarige dyresamfund, men fremmer arter, der hurtigt er i stand til at kolonisere de forstyrrede omraader.

Bunddyrsamfundet bliver derigennem mindre artsrigt, og der udvikles ofte kun enaarige samfund." (B. Hygum 19993. bls. 39.)

Breytingar á landslagi: Á bls. 6 skýrslu Björgunar hf segir m.a.: "Efnistaka undanfarna áratugi hefur breytt landslagi á námasvæðunum.....Að efnistöku lokinni mun setmyndun hefjast í gryffjunum og þær grynast smám saman."

Þetta er ekki að öllu leyti rétt þar sem þau setlög sem verið er að taka efni úr mynduðust í Kollafirði við lok síðustu ísaldar eins og fram kemur á bls. 8 í skýrslu Björgunar. Þannig að ekki er um neina sjálfbærni að ræða í tengslum við efnistöku í Kollafirði, enda segir á bls. 7 í skýrslu Björgunar: "Efni sem sest í námurna mun væntanlega verða fínkornaðra en efnið sem numið er burt." Tilflutningur fínefna úr næsta nágrenni efnistökusvæða felur ekki í sér endunýjun grófari malar sem fjarlægð hefur verið við efnistöku.

Þessi breyting á botngerð getur haft varanleg áhrif á lífríki raskaðra svæða: "Her kan være tale om permanent ødelæggelse af gydepladser....og forandring af levesteder for bunddyr, der kun kan leve paa en bestemt bundtype." (Hygum B. 19993: bls. 39.)

Strandrof: Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvort efnistaka af hafsbotni geti haft áhrif á nærliggjandi strandsvæði samfara hækkun sjávarstöðu á því svæði sem hér um ræðir. Víða er í skýrslu Björgunar vitnað til Jarðabókar Árna og Páls sem heimildar um landbrot áður en efnistaka hófst á Kollafirði. Stofnunin vill benda á að óvarlegt getur verið að nota Jarðabókina sem örugga heimild þar sem nokkuð oft virðist vera um neikvæðari lýsingar á gæðum einstakra bújarða en efni stóðu til.

10. Vöktun Umhverfisstofnun telur að gera verði viðtækari áætlanir um vöktun en fram kemur í skýrslu Björgunar. Einungis virðist gert ráð fyrir að mæla dýpt og fylgjast með því móti með efnismagni. Stofnunin telur að vöktun ætti að ná til viðtækari vöktunar á áhrifum efnistöku á lífríki meðan á efnistöku stendur og eftir að henni er lokið.

Náttúrufar: Engar upplýsingar er að finna í skýrslunni um dýralíf, gróðurfar, búsvæði eða jarðmyndanir á fyrirhuguðum efnistökusvæðum. Umhverfisstofnun telur að lokaorð greinargerðar Hjalta J. Guðmundssonar o.fl. um Jarðefnanám í Faxaflóa sem gerð var fyrir Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur eigi vel við um skýrslu Björgunar: "*Ljóst er að fyrirbyggjandi gögn eru algjörlega ófullnægjandi til þess að unnt sé að taka afdráttarlausu afstöðu til áhrifa jarðefnanámsins á umhverfið. Umhverfisáhrif jarðefnanáms af hafsbotni hafa ekki verið könnuð. Engar upplýsingar liggja fyrir um hugsanleg áhrif á lífríkið eða dreifingu mengunarefna við rask á setinu. Athuganir á yfirgefnum námum hafa ekki farið fram. Hvorki með tilliti til breytinga á landslagi eða lífríki. Ef tryggja á að viðkvæm eða einstök búsvæði verði ekki eyðilögð af námuvinnslu er nauðsynlegt að kanna hvers kyns lífríki er til staðar á fyrirhuguðum námasvæðum áður en til framkvæmda kemur, þannig er hægt að skapa samanburðargrunn vegna síðari vöktuna svæðisins eftir framkvæmdir og meðan á þeim stendur. Leggja þarf einnig mat á náttúruverndargildi viðkomandi svæðis og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á lífríkið.*"

Matsskylda

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri ávallt háð mati á umhverfisáhrifum. Heildarmagn þess efnis sem fyrirhugað er að taka í og við Kollafjörð er 10.700.000 m³ og heildarflatarmál efnistökusvæða er 727,52 ha, sem er margfalt það magn og það flatarmál sem tilgreint er í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Niðurstaða: Björgun hf. gerir í skýrslu sinni grein fyrir umhverfisáhrifum efnistöku af hafsbotni á grundvelli upplýsinga sem er að finna í danskri skýrslu frá 1982. Sú skýrsla virðist orðin úrelt þegar árið 1993 því ástæða þótti þá til að endurmeta þær upplýsingar á grundvelli nýrra gagna. Nýrri gögn virðast benda til að áhrif efnistöku af hafsbotni geti verið önnur og meiri en fram kemur í gögnum Björgunar hf. Engar upplýsingar liggja fyrir um náttúrufar (dýralíf, gróðurfar eða búsvæði lífvera) á fyrirhuguðum efnistökusvæðum.

Umhverfisstofnun telur vegna stærðar fyrirhugaðra efnistökusvæða, magn þess efnis sem taka á, hugsanlegra áhrifa á umhverfið vegna gruggs og sammögnunaráhrifa vegna langvarandi efnistöku sem og aukinnar ásóknar í efnistöku á og við þau svæði sem hér um ræðir sé líklegt að fyrirhuguð efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson
Forstöðumaður